

Nr. 026 / 15 Sighvatur Bjarnason VE 8**Fær á sig sjó**

Skipaskr.nr. 2281 IMO.nr. 7638387
Smíðaður: Noregur 1975, stál
Stærð: 709 brl. 1153 bt.
Mesta lengd: 68,77 m Skráð lengd: 62,05 m
Breidd: 9,8 m Dýpt: 7,55 m
Vél: Bergen Diesel 2205 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 12



Sighvatur Bjarnason ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. Apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. mars 2015 var Sighvatur Bjarnason VE 81 á siglingu frá Vestmannaeyjum. Veður: SV 15-20 m/sek. og mikill sjór.

Skipið var stutt á Eyrabakkabugt á vesturleið þegar það fékk á sig sjó bakborðsmegin með þeim afleiðingum að gluggi í stýrishúsinu brotnaði. Við þetta komst sjór í nokkur siglingatæki sem sum hver skemmdust. Skipinu var siglt til Þorlákshafnar til viðgerða.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi þetta hafa verið „skvettu“ frekar en brotsjó og kvað skipið hafa verið á um 8-9 hnúta ferð;
- að skipið var ólestað og með u.þ.b. 400-500 tn í kjölfestutönkum sem skipstjóri sagði vera um ¼ af hleðslu þess.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.